

Grunnskóli Húnaþings vestra
Góður skóli – gjöful framtíð
Kennsluáætlun



Námsgrein: heimilisfræði

Bekkur/hópur: 1.bekkur

Kennari: Berglind Guðmundsdóttir

Tímabil: haustönn 2024 – vorönn 2025. Hver nemandi kemur í heimilisfræði aðra hvora viku.

Hæfniviðmið: að nemandi geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti.
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.

Helstu námsbækur og gögn:

- Gott og gaman. Heimilisfræði fyrir byrjendur.
- Hollt og gott 1 (aukabók)
- Ýmist ítarefni af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu t.d. sögur, söngvar og leikir sem tengjast mataræði, tannhirðu og umhverfinu.

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni auk þess sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni, samvinnu og framkomu. Einnig eru hæfniviðmið og lykilhæfni metin. Einkunn er gefin sem umsögn og/eða bókstafur um áramót og að vori. Lykilhæfni: sjá má lykilhæfni sem metin er á heimasíðu Grunnskóla Húnaþings vestra <https://grunnskoli.hunathing.is/static/files/lykilhaefni-vidmid-bara-toflur-.docx.pdf>

ágúst/september

-heimilisfræðistofan og eldhúsreglur bls.2-3, töfradrykkur bls.11

-sesambollur bls.10

-kennslueldhúsið bls. 4-5, ávaxtapinnar bls.24

október

-áhöld og tæki í eldhúsinu bls.6-7, hafragrautur bls.12

-góður skóladagur bls.13,fæðuhringur/fæðuhringsbrauðsneið bls.14-15

nóvember

-ávextir eru hollir bls.22-23, ávaxtasalat bls.23

-piparkökur

desember

-skreyta piparkökur

-súkkulaðismákökur (Hollt og gott 1 bls.27)

janúar

-mjólk er góð bls.19-20, mjólkurdrykkur bls.21

-gersveppurinn, brauðbangsar (Hollt og gott 1 bls.19)

febrúar

-tennurnar þínar bls.18, Karíus og Baktus lesin, poppað í potti.

-borðsiðir bls.25, naglasúpa bls.30, sagan um naglasúpuna.

mars

-samvinna heima og í skólanum bls.16-17, sparikúlur (Hollt og gott 1 bls.17)

-grænmetiskarlar (Hollt og gott 1 bls.9)

apríl

-mælingar bls.8-9, grallarabrauð (Hollt og gott 1 bls.15)

-umhverfið bls.28-29, rúgbrauðssneið bls.31

maí

-grænmeti bls.26, grænmetisbakki og ídýfa bls.27

-hafradraumar bls.3

